



Stjórnarráð Íslands  
Dómsmálaráðuneytið

dmr@dmr.is  
545 9000

Borgartúni 26  
105 Reykjavík

stjornarradid.is

Umboðsmaður Alþingis  
Templarasundi 5  
101 Reykjavík

Reykjavík 5. júlí 2023  
Tilv.: DMR22090024/0.14.6

Við er til erindis embættisins umboðsmanns Alþingis frá 2. september 2022 þar sem ráðuneytinu var send skýrsla umboðsmanns vegna heimsóknar í Fangelsið Kvíabryggju á grundvelli OPCAT-eftirlits, mál nr. O11/2021.

Í skýrslunni var í fyrsta lagi þeirri ábendingu beint til ráðherra dómsmála, eftir atvikum í samráði við Fangelsismálastofnun, að taka til skoðunar og meta hvort tilefni sé til að endurskoða greiðslur til fanga með hliðsjón af tillögum stýrihóps um málefni fanga. Í öðru lagi var þeim tilmælum beint til ráðherra dómsmála, félagsmála og menntamála, í samvinnu við Fangelsismálastofnun, að fylgja eftir aðgerðum sem heyra undir ráðuneyti þeirra og fram koma í svörum ríkisins við skýrslu CPT-nefndarinnar sem og í tillögum stýrihóps um málefni fanga, þar á meðal um menntun þeirra, undirbúning fyrir vinnumarkaðinn að afplánun lokinni og heildstæða meðferðarstefnu. Í þriðja lagi var þeirri ábendingu beint til dómsmálaráðherra að taka til skoðunar og meta hvort fullnægjandi lagaheimildir séu til staðar til að takmarka með almennum hætti heimsóknir til fanga, svo sem vegna heimsfaraldurs.

Dómsmálaráðuneytið hefur farið yfir þessar ábendingar umboðsmanns. Í ráðuneytinu er nú unnið að margs konar umbótum hvað varðar fullnustumál almennt, meðal annars með breytingum á húsnæðimálum fangelsanna og auknum fjárveitingum. Þá mun dómsmálaráðuneytið vinna að stefnumótun í málaflokknum og í kjölfarið vinna heildarendurskoðun á lögum nr. 15/2016 um fullnustu refsinga. Í þeirri vinnu verður farið ítarlega yfir þær tillögur sem og athugasemdir sem ráðuneytinu hafa borist, til dæmis þeim sem fram komu í skýrslu stýrihóps um málefni fanga frá 2021, athugasemdir frá umboðsmanni Alþingis og annarra eftirlitsaðila og sem og aðrar ábendingar sem ráðuneytinu hafa borist.

Fyrir hönd ráðherra

Bryndís Helgadóttir

Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson